

Minnisblað



VIÐTAKANDI: Skrifstofa borgarstjórnar
SENDANDI: Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri

REYKJAVÍK
DAGS.: 23.11.2019

Fyrirspurn um starfshóp um framtíðar orkugjafa Borgarlínu

Þann 6. nóvember sl. barst verkefnastofu Borgarlínu erindi frá skrifstofu borgarstjórnar þar sem óskað var eftir svari við fyrirspurn áheyrnafulltrú Miðflokksins í borgarráði. Fyrirspurnin varðar starfshóp um framtíðar orkugjafa Borgarlínu. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvers vegna eru fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur, sem hefur metnaðarfullar hugmyndir um rafbílavæðingu og Sorpa, sem framleiðir metan, ekki í starfshópi með Landsvirkjun, Vegagerðinni og starfsmönnum borgarlínunnar til að ákvarða framtíðar orkugjafa lestarinnar sem á að vera á gúmmihjólum eins og Hrafnkell Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu lét hafa eftir sér í samtali við mbl.is hinn 30. okt. s.l.? Er Landsvirkjun að koma með fjármagn inn í verkefnið?

Svar við fyrirspurn

Sá samningur sem SSH, Vegagerðin, Strætó bs. og Landsvirkjun skrifuðu varðar samstarf um greiningu á hentugasti orkugjafi fyrir Borgarlínu. Við greininguna verður m.a. horft til fjárfestingarkostnaðar, orkukostnaðar, annars rekstarkostnaðar, rekstaröryggis, ústremmis gróðurhúsalofttegunda, skipulagsmála, staðbundinnar loftmengunar, hljóðmengunar, yfir líftíma verkefnisins. Niðurstöður greiningar eiga að liggja fyrir í mars 2020.

Verkefnið felst ekki í að ákvarða orkugjafa Borgarlínu eins og kemur fram í fyrirspurninni. Einungis er um greiningu að ræða svo ekki er talin þörf á að fleiri formlegum samstarfsaðilum að svo stöddu. Niðurstaða greiningar mun nýtast eigendum Borgarlínu, ríki og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, þegar kemur að því að ákvarða framtíðarorkugjafa.

Frumkvæði að þessu samstarfi kemur frá Landsvirkjun og mun fyrirtækið greiða helming þess kostnaðar sem af því hlýst. Í greiningarvinnunni verður m.a. leitað upplýsinga hjá þeim aðilum sem framleiða innlenda orkugjafa þ.m.t. Orkuveitu Reykjavíkur og Sorpu bs.